

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 172/2020 um meistaranám í iðnaðarliftækni við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðsins „meistaraprófsritgerð“ í 7. málsl. 3. mgr. 3. gr. reglnanna kemur orðið: meistararitgerð.

2. gr.

Í stað orðanna „15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“ í 5. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglnanna koma orðin: 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

3. gr.

Í stað orðsins „meistaránámsnefndir“ í 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglnanna kemur orðið: meistaranefndir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í stað „BS-prófi“ í 1. málsl. 1. gr. kemur: BS-gráðu.
- b. Í stað orðsins „próf“ í 3. mgr. kemur orðið: prófgráður.

5. gr.

Í stað orðanna „meistaraprófs“ í 3. málsl. 8. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

6. gr.

Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

7. gr.

Í stað orðsins „Meistaraprófsritgerð“ í 1. málsl. 13. gr. reglnanna kemur orðið: Meistararitgerð.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur orðið: meistaragráðu.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófsritgerð“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur orðið: meistararitgerð.
- c. Í stað orðsins „meistaránámsnefnd“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur orðið: meistaranefnd.

9. gr.

Í stað orðsins „Meistarapróf“ í 17. gr. reglnanna kemur orðið: Meistaragráða.

10. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025